


Skapandi lokaverkefni 2016



Höfundar:

Bryndís María Olsen
Jóhanna Ómarsdóttir
Karen Óskarsdóttir
María Rós Valgeirsdóttir
Steinunn Elísabet Benediksdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Syngjandi málarar – elsta stig

Viðfangsefni / Námsgreinar	Námsefni / Námsgögn	Hæfniviðmið	Afurð / Námsmat	Tengsl við grunnþætti og lykilhæfni
<p>Markmiðið með verkefninu er að gera nemendum grein fyrir tengslum myndlistar og tónlistar ásamt því að virkja innri hvata nemenda.</p> <p>Samþættar eru námsgreinarnar:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Myndmennt ○ Tónmennt 	<ul style="list-style-type: none"> ○ Glærusýning og útskýringar á verkefninu ○ Nemendur fá eyðublað þar sem fram koma hvaða upplýsingar þurfa að koma fram í kynningu ○ A3 þykkur pappír ○ Penslar ○ Þekjultir 	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar. ○ greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka. ○ unnið út frá kveikju við eigin listsköpun. ○ skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum. ○ útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki. ○ getur rökstutt skoðun sína á tónlist út frá eigin smekk og fagurfræði. <p>(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 101-228)</p>	<p>Nemendur vinna að eigin sköpun og upplýsingaöflun</p> <p>Myndverk 60% Kynning 20% Upplýsingaeyðublað 20%</p>	<p>Grunnþættir</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Læsi ○ Sjálfbærni ○ Sköpun <p>Lykilhæfni</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Tjáning og miðlun ○ Sjálfstæði og samvinna ○ Ábyrgð og mat á eigin námi ○ Nýting miðla og upplýsinga ○ Skapandi og gagnrýnin hugsun ○ <p>(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 87-95)</p>

Nánari útlístitun á kennsluáætluninni „Syngjandi málara“.

Þetta samþætta verkefni býður upp á samvinnu myndmenntakennara og tónmenntakennara.

Markmiðið með viðfangsefninu er að gera nemendum grein fyrir tengslum myndlistar og tónlistar ásamt því að virkja innri hvata nemenda. Mikilvægt er að búa nemendur undir verkefnið áður en það byrjar. Kennari þarf að búa til glærुकynningu sem hann notar sem kveikju. Hluti að undirbúningi er greining á þekkingu og áhugasvið nemenda á myndmennt og tónmennt svo þeir geti tengt við tónlistar- og myndlistarmennina sem eru til umfjöllunar. Umræður um tónlist og myndlist við nemendur getur farið fram áður en verkefnið er lagt fyrir svo kennari hafi efni í áhugaverða glærुकynningu. Allir nemendur þurfa að hafa aðgang að síma eða mp3 spilar og heyrnatólum til að geta unnið verkefnið. Verkefnið á að vekja upp innri hvata nemenda ásamt því að fræðast um samhengi á milli tónlistar- og myndlistarstefna. Hugmyndin er að nemendur nái að skapa myndverk sem eru unnið út frá þeim áhrifum tónlistar sem þeir velja sjálfir. Meðfylgjandi er dæmi um glærुकynningu sem unninn var fyrir hóp drengja í 6.-7. bekk en hægt er að aðlaga hana þeim hóp sem á að kenna hverju sinni.

1.-2. kennslustund.

Rannsóknarvinna og gagnaöflun: kveikja í formi glærusýningar þar sem fjallað er um mismunandi tónlistarmenn sem eru einnig myndlistarmenn og hvaða áhrif tónlistin hefur á myndlist.

Eftir að hafa farið yfir glærुकynninguna er mikilvægt að allir nemendur skilji að þeir þurfi að vinna ákveðna rannsóknarvinnu varðandi flytjendur tónlistarinnar sem þeir velja.

Nemendur fá hver og einn eyðublað (sjá fylgiskjal 1.) sem þeir þurfa að skila í lok verkefnisins þar sem á að koma fram nafn nemenda, nöfn flytjenda, nafn myndverks og útskýring á tónlistarvali.

Einstaklingsvinna og gagnaöflun er fólgin í því að velja sér tónlist og afla sér þeirra upplýsinga sem nemendur þurfa til þess að geta fyllt út upplýsingablaðið (fylgiskjal 1.). Fyrir þessa vinnu mælum við með tölvuveri skólans.

Hver og einn nemandi velur sér að hámarki fimm lög og býr til lagalista í síma eða mp3 spilara sem þeir hlusta á, endurtekið á meðan á öllu sköpunarferlinu stendur.

Næst vinna nemendur hugmynda- og skissuvinnu og vinna að myndverki í kjölfarið.

3.-4. kennslustund.

Einstaklingsvinna nemenda: nemendur hlusta á tónlistina sem þeir völdu í heyrnatólum á meðan þeir vinna bæði skissu- og hugmyndavinnu ásamt málverki. Kennari aðstoðar eftir þörfum.

5.-6. kennslustund.

Kynningar: nemendur kynna verkin sín fyrir hópnunum ásamt því að segja frá tónlistinni, flytjendum, ástæðu fyrir vali sínu og spila tóndæmi.

Nemendur svara spurningum samnemenda og kennara.

Að lokum er bæði upplýsingaeyðublaðinu og myndverkinu skilað til kennara.

Myndverk ásamt upplýsingareyðublaði, og kynningu eru þeir þættir sem eru metnir af kennara. Sjálfsmat nemenda er hluti af kynningunni þar sem hann segir frá því hvað hann hefur lært af verkefnavinnunni.

Heimild:

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.

Fylgiskjal 1.

Eyðublað fyrir kynningu:

Nafn nemenda:
Nafn lags og flytjenda:
Nafn lags og flytjenda:
Nafn lags og flytjenda:
Nafn lags og flytjenda:
Nafn lags og flytjenda:

Nafn á myndverki :

Af hverju voru þessi lög/flytjendur valin?

Hver var þín upplifun af verkefnavinnunni?

MÁLARAR OG TÓNSKÁLD

Syngjandi málarar

Mikalojus Konstantinas Čiurlionis



Myndir eftir Mikalojus



John Lennon




Myndir eftir John



Davíð Þór Jónsson



Myndir eftir Dabba



Bjartmar Guðlaugsson



Myndir eftir Bjartmar



Viggo Mortensen leikari, tónlistamaður og málari



Myndir eftir Viggo



Verkefni

- ▣ Veljið 5 lög
- ▣ Einstaklingsvinna
- ▣ Hugmynda og skyssuvinna
- ▣ Málað
- ▣ Kynning

Veljið 5 lög

- ▣ Skrifið niður nöfn lagana og flytjendur
- ▣ Komið með tæki til að spila lagið
- ▣ Komið með heyrnatól

Hugmyndavinna og málverk

- ▣ Fyrst setjum við tónlistina í eyrun og hlustið allan tímann sem þið vinnið
- ▣ Næst er skyssað á A4 blað hugmynd af málverki
- ▣ Síðan er málað á A2 eða A3

Einstaklingsvinna og kynning

Hver og einn vinnur sitt verk og kynnir síðan fyrir hinum í hópnum.

Í kynningunni þarf að koma fram hvað lögin heita og hverjir eru flytjendur.

Af hverju þau voru valin og hvaða áhrif þau höfðu á sköpunarferlið

Gangi ykkur vel